

## **Vorfundur 2012**

**haldinn á Hótel Örk, Hveragerði, þriðjudaginn 15. maí 2012 kl. 9:00-16:00.**

Dagskrá:

9:05 Fundur settur. Sunna Njálisdóttir formaður SFA

Kl. 9:15 - 10:00 Óskar Þór Þráinsson: Rafbókavæðing

10:00 -10:15 kaffihlé

Kl. 10:15- 10:45 Jón Bender: Opin bókasöfn

Kl. 10:45 - 11:15 Kristín Viðarsdóttir verkefnastjóri Borgabókasafni: Orðið er frjálst. Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

kl. 11:15 – 11:45 Hólmkell Hreinsson : Barnabókasetur

12:00-13:00 Hádegishlé

Kl. 13:00 – 14:30 Steinunn Stefánsdóttir frá Starfsleikni : Hamingjan

Kl. 14:30 – 15:00 Svanur Jóhannesson:  
Mannlíf í Hveragerði á árunum 1940-1947.

Kl. 15:00 Fundi slitið og haldið í Menningargöngu.  
Leiðsögn Hlíf S. Arndal o. fl.

### **Fundargerð fyrir hádegi**

Sunna Njálisdóttir formaður SFA setti fundinn klukkan og kynnti Barböru Guðnadóttur sem ritara og Önnu Sigríði Einarsdóttur sem fundarstjóra. Síðan óskaði hún eftir því að nýkomnir gestir kynntu sig.

Anna Sigríður fundarstjóri tók nú við og kynnti Óskar Þór Þráinsson , en hann heldur erindi um rafbókavæðingu.

### **Rafbækur, bókasöfn: nútíðin og framtíðin**

Óskar rekur rafbókaveituna [www.emma.is](http://www.emma.is)

Þegar rætt er um rafbækur, er verið að tala um tölvuskrá. Síðan eru til tæki til að lesa rafbækurnar. Skrárnar eru sambland af texta, myndum sem sett er í ákveðna formskrá. Bækurnar eru í ákveðnum stöðlum eins og epub eða öðrum skráartegundum.

Eiginleikar rafbóka:

- **Rafræn skrá** ~ 100kb – 5mb sem hægt er að afrita
- **Flæðandi texti**. Hægt að lesa eins og bók í lesforritum/tækjum
- Bók og **texti lagar sig að tæki**, skjástærð og letri og hugbúnaði
- Hægt að **stækka, minnka og breyta letri**
- Hægt að **breyta lit** leturs og bakgrunns
- Hægt að velja texta, **afrita og senda/prenta/deila**
- Hentar illa flóknum bókum og myndabókum
- Ekki hægt að festa útlit nema að takmörkuðu leiti
- Ekki hægt að lesa án búnaðar

Kindillinn les Moby. Epub er sá staðall sem virkar í svotil öllum tækjum í dag. Þetta eru yfirleitt mjög litlar rafrænar skrár. Þar sem textinn er flæðandi, þ.e. lagar sig að lesaranum (skjástærð lesarans). Þannig getur lesandinn ákveðið hvernig textinn birtist honum (hægt að stækka letur, breyta lit og fleira). Einnig er hægt að láta hljóðgerfla lesa upp textann fyrir sig.

### Hvað er DRM öryggislæsing:

- Kóði í rafbókum sem takmarkar notkun kaupanda
  - Getur sett takmarkanir á fjölda eintaka, prentun og afritun texta og tímabundna notkun. „*Notkunarleyfi*“.
  - Getur haft áhrif á síðari notkun eða afturkallað leyfi.
  - Framtíðarnotkun er háð leyfisskráningu seljanda.
- Þrjár stærstu DRM lausnir:
  - Amazon, Apple og Adobe

Óskar er á móti slíkum rafbókarvörnum en telur þó að öryggislæsingarnar hafi ákveðna kosti, þ.e. að geta takmarkað notkun. Hægt er að skilgreina leyfilega notkun og stýra fjölda útlána og „skilum“. Helstu ókostir eru að auðvelt er að fjarlægja læsinguna.

### DRM með tilliti til útlána

- Helstu kostir
  - Takmarkar notkun rafbóka
  - Hægt að skilgreina leyfileg not
  - Stýrir fjölda útlána og “skilum”
- Helstu ókostir
  - Er auðvelt að fjarlægja

- Eykur kostnað
- Mætir ekki skilningi notenda
- Niðurstaða:
  - Hentar vel til útlána, enn betur með stjórn á endabúnaði

Rannsóknir hafa sýnt að:

- Þeir sem lesa rafbækur lesa meira (bæði á prent og rafformi) Að meðaltali 24 vs. 15.
- 30% þeirra sem eiga lestæki eyða meiri tíma í lestur en áður
- Rafbókalesendur kjósa rafbókaformið fram yfir pappírformið við yndislestur en halda sig við pappír þegar kemur að lestri fyrir börn
- 61% rafbókalesenda kaupa bækur frekar en að fá þær á annan hátt (miðað við 54% pappírlesenda og 32% hljóðbókanotenda)

Heimild: <http://libraries.pewinternet.org/2012/04/04/the-rise-of-e-reading/> 4.apríl 2012

- ~20% bóksölu í BNA á rafbókaformi.
- ~8% bóksölu í Bretlandi á rafbókaformi.

### Reynsla af Emmu.is

- Áhugi á lestri og útgáfu rafbóka að aukast
- Sala eykst með umræðu og úrvali
- ~41% lesenda Emma.is nota Kindle
- Mest eftirspurn eftir spennusögum og rómantískum bókum
- Sjáum eftir heimsóknum að við bjóðum ekki upp á nægjanlegt úrval.

### Stóra vandamálið: bók ≠ rafbók

Bókasöfn nær og fjær.

- Dæmi um útfærslur:
  - Bókasafn greiðir pr. útlán bókar
  - Bókasafn greiðir áskrift að pakka eða „hillu“
  - Bókasafn kaupir ákveðinn fjölda útlánaeyfa pr. bók
  - Bókasafn kaupir eintak með takmörkunum
  - Útlán með takmörkunum:
    - DRM notkunarleyfi (tími/fjöldi)
    - Bókastreymi

- Hugbúnaðar/tækjatakörkun
- Aðgengi / staðsetning

Framboð bóka er lítið á íslensku, milli 3-400 bækur.

Helsta vandamálið er að hagsmunaaðilarnir eru of margir

Óskar telur að bókasöfnin þurfi að sýna fram á hvað bókasöfnin eru að gera fyrir lestur og áhuga á lestri. Eða fyrir bækur.

Hvernig getum við snúið neikvæðu viðhorfi útgefenda við?

Við þurfum að sýna fram á virði bókasafna.

- Skapa útgefendum einhverskonar virði t.d.:
  - Bæta ímynd bókasafna gagnvart útgefendum
  - Rökstyðja starfsemi bókasafna m.t.t. lesturs og sölu
  - Sýna fram á lestarhegðun lánþega m.t.t. kauphegðunar
  - Bjóða fram þjónustu bókasafna við rafbókavæðingu
    - Samningar um að “stafræna” bækur
  - Standa fyrir innleiðingu á “skyldukaupum” bókasafna í samstarfi við sveitarfélög og Ríki
  - Vera talsmenn fyrir rafbókakaupendur/lesendur
  - Kynna tæknina og vera sérfræðingar
  - *Lána út erlendar bækur og sýna fram á hátt lánslytfall*

Bókasöfnin verði sérfræðingar í rafbókum, gætu leiðbeint, liðsinnt og leitt væðinguna. Vera í fararbroddi með rafbókarútlán á erlendum bókum.

Óskar telur að í dag sé besta leiðin í útlánum að fara sömu leið og við útlán á pappír. Tryggja að bókasafnið EIGI bókina. Þá væru opin útlán, engin takmörk.

Næstu skref þurfi að vera frumkvæði bókasafna, þjálfa upp starfsfólk.

Bókasöfnin eigi að vera öflugt afl í rafbókavæðingu íslenskra bóka til útláns og þannig hvetja til framleiðslu og sölu.

Það þarf alltaf að endurnýja formatið á bókinni og það er auðveldara ef maður á bókina sjálfur.

Töluverðar umræður voru í kjölfar erindisins. Kosturinn við emmu er að þarna geta útgefendur sjálfir komið efni sínu á framfæri.

Eru að skoða að fara úti epub3 hjá Emmu. Reiknar með að epub3 verði helstu staðlar eftir 1-2 ár. Það býður upp á meiri stýringu í uppsetningu efnis, t.d. hvar mynd komi í texta og fleira.

Anna Sigríður þakkaði Óskari fyrir gott erindi og bauð fundargestum að fá sér kaffi og meðlæti í kaffipásu.

Áfram var haldið með dagskrá kl. 10:25. Anna kynnti Jón Bender sem kynnti

**Opin bókasöfn frá fyrirtækinu Bender ehf.**

Jón Bender kynnti sig sem sjálfsgreiðslukarlinn, þar sem þeir eru að selja ýmislegt efni til bókasafna, m.a. fyrrgreindar vélar. Opn bókasöfn eru söfn sem samastanda af lausnum til að auka opnunartíma safna og að vera með sambland af mönnum og ómönnum söfnum. Bætt og ný þjónusta fyrir notendur þar sem þeir koma þegar þeim hentar.

Til þessa þarf kerfi eða tölvu sem opnar pakkann, eftirlitsmyndavélar, hurðaopnun, – læsingu, kerfið sér um að opna og loka safninu. Svipað og að fara í hraðbankinn. Slegið er inn lykilorð á snertiskjá. Stýribúnaður fylgir kerfinu þar sem skilgreindar eru margvíslegar upplýsingar, m.a. opnunartími. Hægt er sóðan að greina upplýsingarnar sem safnað er. Talið er að með þessu sé nýting safnanna mun meiri og að útlánin aukast. Mesta nýting á opnum bókasöfnum var á morgnana og á kvöldin. Þetta kerfi hentar greinilega vel eldri borgurum og fjölskyldufólki. Talið að opin bókasöfn styrki stöðu safnanna inna sveitarfélagsins/stjórnslunnar.

Líta beri á opin bókasöfn sem viðbót við mannað safn, komi ekki í staðinn fyrir mönnun safnanna. Þetta rekstrarform er að aukast í Danmörku, nú eru jafnvel stóru söfnin á mannmörgum stöðum farin að vera með opin bókasöfn.

Opnað var fyrir umræður. Heiðrún Dóra lagði til að næsti forstöðumannafundur yrði haldinn í Danmörku þar sem skoðuð væru opin bókasöfn.

Ekki er ljóst hver kostnaðurinn við að innleiða þetta sé.

Anna þakkaði Jóni fyrir erindið. Síðan kynnti hún næsta erindi, en það er Kristín Viðarsdóttir verkefnastjóri Borgabókasafns með erindið

## **Orðið er frjálst. Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO**

Með henni var Lára Aðalsteinsdóttir og báðar eru verkefnastjórar Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO.

Um er að ræða varanlegan titil og RVK er eina borgin sem ekki er með ensku sem aðaltungumál. Þetta er hluti af skapandi borgum UNESCO sem í dag eru 34 borgir allt í allt.

Lögð er rík áhersla á samvinnu allra sem standa að orðlist og bókmenningu. Þær vilja koma á samvinnu, búa til verkefni sjálf og kynna það sem aðrir eru að gera.

Lykilverkefni eru á þessu ári vefurinn (bokmenntaborgin.is), lestrarhvatning og umhverfismerkingar.

Vilja gjarnan fá upplýsingar sem aðrir eru að vinna að til að koma á framfæri m.a. á vefnum.

Hægt að senda efni á [bokmenntaborgin@reykjavik.is](mailto:bokmenntaborgin@reykjavik.is)

Frítt app til að hlaða niður fyrir bókmenntagöngur.

Lestrarhvatning, þá er átt við hvers konar verkefni sem auk áhuga á bókmenntum og orðlist.

**Sleipnir** er fulltrúi bókmenntaborgarinnar. Hægt að hoppa á milli heima, fara þangað sem maður vill með því að opna bók. Nú er verið að kynna sleipni fyrir leikskólum. Honum er ætlað að vera tenging við bækkur og hugarflug.

**Lestrarhátíð í október.** Verði árlegt verkefni í þeim mánuði. Verður tileinkuð bókinni **Vögguvísa** eftir Elías Mar. Er klassískt íslenskt bókmenntaverk er unglingsbók og verður endurútféið nú fljótlega. Bókin verður gefin út í rafbók, kilju, hljóðbók. Er hugsað sem grasrótahátíð þar sem allir eru hvattir til að taka þátt.

**Umhverfismerkingar í Reykjavík.** Merktir verða tíu bókmenntasataðir.

Unnið er að fleiri hugmyndum, m.a. Food for Thought, ísskápar meðbókahillum og fleira.

Komið er slagorð: „orðið er frjálst“ – „pass the word“

Þeim stöllum var þakkað fyrir erindið og óskað góðs gengis með verkefnið.

**Anna bauð Hólmkel Hreinsson að kynna Barnabókasetur á Akureyri.**

Hólmkell byrjaði á því að segja frá verkefni sem Amtsbókasafnið fór af stað með. Fylltir voru kassar af bókum og settir um allan bæ. Kannski svipaði því til hugmyndarinnar um „Book for thoughts“. Þetta er skiptibókakassar eða book crossing eða bók í mannhafið.

Síðan fræddi hann um Barnabókasetrið sem var stofnað á Akureyri í febrúar. Um er að ræða tilraunaverkefni og óskað eftir samstarfi og hugmyndum. Hugmyndin kemur upprunalega frá Sigrúnu Klöru. Á Akureyri var hugmyndin rædd og ákveðið að Amtsbókasafnið, Minjasafnið og Háskólinn á Akureyri tækju við keflinu. Í kjölfar umræðu um ólæsi ungmenna (dregja) var ákveðið að hrinda verkefninu af stað. Á síðasta ári var síðan undirrituð viljayfrlýsing um stofnun setursins sem opnað var í febrúar.

Mikill fjöldi var við opnun setursins.

### **Markmið**

Barnabókasetur hefur eftirfarandi hlutverk:

- Að efla og stunda rannsóknir og fræðslu um barnabókmenntir og lestur á Íslandi.
- Að miðla þekkingu og upplýsingum um barnabókmenntir á Íslandi.
- Að vinna að framgangi lestrarmenningar meðal barna og ungmenna á Íslandi.
- Að efla og treysta innlend og erlend tengsl og taka þátt í alþjóðlegri þekkingarsköpun á fræðasviðinu.
- Að hvetja háskólanemendur til rannsóknar- og þróunarverkefna á framhaldsstigi og skapa þeim aðstöðu til að stunda rannsóknir á sviðinu.
- Að standa fyrir málþingum og stuðla að útgáfu fræðilegs efnis á sviðinu.

Sett var upp sýningin „Yndislestur æsku minnar“ þar sem fólk var fengið til að segja frá uppáhaldsbók sinni í æsku. Hægt er að skoða sýninguna á flickr: <http://www.flickr.com/photos/amtsbokasafn/sets/72157629203336225/>

Allir geta fengið skapalónið, en þá þarf að hafa samband við: [nannalind@akureyri.is](mailto:nannalind@akureyri.is)

Menntamálaráðuneytið studdi verkefnið um 1,5 milljón.

Helstu verkefni:

1. Sýningin „Yndislestur æsku minnar“
2. Þýða alþjóðlega rannsóknarskýrslu um læsi.
3. Fyrirlestraröð um gildi lestrar fyrir almenning.

4. Opnaður „Leshringur“ á Akureyri. Sett upp spjöld á ljósastaurum á ákveðinni leið þar sem fólk getur lesið ákveðna kafla úr barnabókum (unnið með styrk frá Akureyrarstofu).
5. Verkefni þar sem könuð er lestrarvenja þátttakenda í sumarlestri Amtsbókasafnsins og Minjasafnsins og samanburður við annan hóp sem ekki tók þátt. Unnið af nemum við HA með styrk frá nýsköunarsjóði námsmanna.
6. Ráðstefna um barnabókmenntir og lestur á degi íslenskrar tungu 2013.

## Önnur mál

Anna þakkaði Hrafnkeli fyrir og opnaði fyrir næsta lið sem var önnur mál.

Spurt var um hvernig væri með útsendingu skilaboða úr Gegni.

Pálína greindi frá því að Vefbókasafnið væri dáið drottni sínum. Félagið á töluvert fjármagn og var ákveðið á félagsfundum að nýta peningana til góðar verka, hann fari sem styrkur til SFA til endurmenntunar félaga.

Anna las upp tillögu til stjórnar þar sem lagt er til að næsti aðalfundur verði haldinn í Færeyjum, Danmörku eða annarsstaðar og styrkur frá vefbókasafni verði nýttur til að greiða niður ferðina.

Tillagan var samþykkt.

Óskað var eftir kynningu frá Þorbjörgu Karlsdóttur um verkefni sem Borgarbókasafn vann til að hvetja níundu bekkinga til lesturs.

Níundubekkingum á höfuðborgarsvæðinu var boðið að koma á barnabókastefnuna. Komu fjölmargir á safnið 1,5 klst og einhver frægur tók á móti þeim, þ.e. einhver sem þau þekktu. Talað var um lestur og lestrarupplifun. Þeir náðu að tengja lestur og t.d. fótbolta. Síðan var búið að gera tilbúna bása með ákveðnu efni, fantasíu-, ástarsögu-, íþróttu-, myndasögu- og lífsreynslubás. Básarnir voru skreyttir með viðeigandi efni. Háskólanemendur voru á básunum, og voru valdir þeir sem höfðu gaman af því efni sem þarna var. Fræga fólkið var á röltinu og spjallaði. Hjörvar Hafliðason (íþróttamaður) var mjög vinsæll, líka Greta Salóme og Ari Eldjárn. Krakkarnir fóru líka um safnið og kynntust því. Þetta var á skólatíma þannig að þau urðu að koma. 1,5 klst er í raun of langur tími.

Í verkefnið fékkst styrkur úr Barnamenningarsjóði.

Marta sagði frá verkefni sem bókasafnið í Mosfellsbæ vann að, þar sem Úlfhildur Dagsdóttir hélt erindi um teiknimyndasögur og ungt fólk fékk leiðbeiningar um hvernig teikningarnar verða til og var Huggleikur Dagsson leiðbeinandi.



Ekki var fleira rætt og Anna Sigríður sleit fundi til að gera hlé í hádeginu.

12:00-13:00 Hádegishlé

Nýir embættismenn fundarins tóku við eftir hádegishlé; Oddný H. Björgvinsdóttir, fundarstóri og Margrét R. Gísladóttir, fundarritari.

Gengið var til dagskrár.

**Steinunn Stefánsdóttir frá Starfsleikni ehf. flutti hugvekju um hamingjuna** og spurði fundarmenn hvort hamingjan skipti þá máli? Hún studdist við bók eftir Sonju Lyubomirsky, *The How of Happiness*.

Hún minnti hópinn á ótalmargt sem hægt er að gera sjálfur, til að vera hamingjusamur, m.a. að tjá þakklæti, temja sér bjartsýni og jákvæðni, fyrirgefa og hlúa að sjálfum sér.

**Svanur Jóhannesson (sonur Jóhannesar úr Kötlum), flutti erindi sem hann kallaði Mannlíf í Hveragerði á árunum 1940-1947.**

Hann gerði „skáldagötunni“, (sem nú heitir Frumskógur) og íbúum hennar góð skil og sýndi myndir frá þessum tíma.

Sunna formaður, þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag og fundarmönnum fyrir fundinn og sleit fundi.